



FUNDARGERÐ

**13. fundur Vatnsveitu Rangárbíngs ytra og Ásahrepps
haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , 13. apríl 2021
og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Haraldur Eiríksson, Steindór Tómasson, Guðmundur Gíslason, Guðni Kristinsson,
Tómas Haukur Tómasson, Valtýr Valtýsson og Ágúst Sigurðsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, Fundarritari.

Áður en gengið var til dagskrár lagði formaður til að við bættist liður 2. Rekstraryfirlit Vatnsveitu 2021 og liður 6. Málefni notenda vatnsveitu og var það samþykkt samhljóða. Aðrir liðir færast til í samræmi. Klara Viðarsdóttir sat fundinn undir liðum 1 og 2.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Vatnsveitu 2020 - 2104008

Til staðfestingar

Kynntur var endurskoðaður ársreikningur Vatnsveitu Rangárbíngs ytra og Ásahrepps bs. fyrir árið 2020. Rekstrarniðurstaða veitunnar var jákvæð um 18,4 mkr. Fjárfesting ársins var 109,4 mkr.

Ársreikningur 2020 var borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

2. Rekstraryfirlit Vatnsveitu 2021 - 2102030

Yfirlit um rekstur frá áramótum.

KV kynnti rekstraryfirlit fyrir Vatnsveituna mánuðina janúar til mars 2021.

3. Yfirlit frá veitustjóra - 2005018

Staða á daglegum rekstri

GK fór yfir daglegan rekstur veitunnar. Frostakaflar í vetur hafa verið nokkuð erfiðir og hefur þurft að grípa til bráðabirgðalagna á nokkrum stöðum þar sem frost hefur hlaupið djúpt niður. Sérstaklega hefur borið á þessu í sandjarðvegi.

4. Framkvæmdaáætlun 2017-2026 - 1702029

Endurskoðun langtímaáætlunar

Unnið áfram í endurskoðun á framkvæmdaáætlun fyrir næstu ár. Búið er að fara yfir forgangsröðun hvað varðar endurnýjun lagna og kostnaðarmeta hvern áfanga. Ákveðið að vinna eftir fyrirbyggjandi áætlun út árið 2022 og leggja áherslu á að treysta vatnsafhengingu til Þykkvabæjar. Eftir þann áfanga verður staðan tekin á ný. Skoðunarferð í Fögrubrekku var frestað fram í maí en stefnt er að verklokum þar fyrir lok júlímánuðar.

5. Innra eftirlit veitunnar - 2102031

Skref að innleiðingu

Málið er í undirbúningi og verður gefin stöðuskýrsla á næsta fundi.

6. Málefni notenda vatnsveitu - 1709022

Ábending frá Reykjararði.

Fyrir liggur tölvuskeyti frá framkvæmdastjóra Reykjararðs með fyrirspurn um innheimtu notkunargjalds og jafnræði meðal fyrirtækja hvað þessa gjaldtöku varðar. Ákveðið að taka saman yfirlit um innheimtu notkunargjalds hjá veitunni og kanna jafnframt útfærslu hjá sambærilegum veitum hvað þennan þátt varðar og leggja fram á næsta fundi stjórnar.

Fundargerðin yfirlesin og samþykkt með SIGNET.IS strax að loknum fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:55.

Haraldur Eiríksson

Steindór Tómasson

Guðmundur Gíslason

Guðni Kristinsson

Tómas Haukur Tómasson

Valtýr Valtýsson

Ágúst Sigurðsson

Undirritunarsíða

Haraldur Eiríksson

Guðmundur Jóhann Gíslason

Steindór Tómasson

Guðni Gunnar Kristinsson

Tómas Haukur Tómasson

Ágúst Sigurðsson